



Akureyri 10. mars 2017

Til þingmanna og nefndarsviðs Alþingis varðandi Þingskjal 165 — 106. mál.

Erindi: umsögn um frumvarp til laga um verslun með áfengi og tóbak o.fl.

Undirrituð skólameistari Verkmenntaskólans á Akureyri hvetur alþingismenn til þess að hafna frumvarpi sem liggur fyrir Alþingi um breytingu á lögum (86/2011) um verslun með áfengi og tóbak.

Undanfarin ár hefur náðst góður árangur í forvarnarstarfi gagnvart ungu fólki og neyslu áfengis. Hefur neysla áfengis minnkað í hópi ungs fólks sem er á framhaldsskólaaldri og hefur það m.a. komið fram í rannsóknum á vegum Háskóla Íslands í samvinnu við Mennta- og menningarmálaráðuneytið (t.d. Samverustundir og viðhorf til áhættuhegðunar frá maí 2016) og rannsóknin „ungt fólk“ sem Rannsóknir og greining hafa gert í mörg ár. Í nýjustu evrópsku vímuefnarannsókninni sem er frá árinu 2015 kemur fram að íslenskir unglingar eru ólíklegri en evrópskir unglingar til að hafa drukkið áfengi. Þá hefur skemmtanamening í framhaldsskólum verið að breytast til hins betra og í VMA hefur tekist að halda úti félagslífi nemenda án áfengis í nær tvo áratugi.

Landlæknir, heilbrigðisstarfsfólk, samtök lækna, skólastjórnendur, kennarar, foreldrasamtök og fjölmargir aðilar sem vinna að forvörnum, heilsueflingu og velferðarmálum hafa vara við þeirri breytingu sem felst í samþykkt frumvarpsins og benda á að rannsóknir sýna að aukið aðgengi að áfengi leiðir til aukinnar neyslu, meðal annars meðal barna og ungmenna.

Heilsa og velferð ungs fólk skiptir miklu máli til framtíðar og það hlýtur að vera hlutverk Alþingis að stuðla með lagasetningum að heilbrigðishvatningu og heilbrigðum lífsstíl. Breytingar á lögnum sem hér liggja fyrir þinginu eru afar stefnumarkandi til hins verra í forvörnum og telur undirrituð að þær muni ekki efla heilbrigði landans.

Þá mun aukinn áróður í formi áfengisauglýsinga dynja á ungu fólki og sýna neyslu áfengis í glisheimi ásamt því gera áfengisneyslu aðlaðandi og eftirsóknarverðan lífsstíl – því það er jú tilgangur auglýsinganna að ná til fólks. Ungt fólk er afar upptekið af ímynd sinni og þeim lífsstíl sem telst eftirsóknarverður miðað við auglýsingar. Börn og unglingar eru mjög áhrifagjarnir og með áfengisauglýsingum mun ungt fólk fá stöðug skilaboð um hinn meinta flotta lífsstíl áfengis.

Aukið fjármagn í forvarnir þarf ekki að koma með því að í staðin verði hægt að auglýsa áfengi og selja það í matvöruverslunum.

Segið nei við þessu frumvarpi.

Sigríður Huld Jónsdóttir
Skólameistari VMA